

Húsvíkingar gangast fyrir rallakstri

## „Óttast helst að keppnin sé of létt“

— segir formaður Bifreiðafróttaklúbbs Húsavíkur

Fyrsta ralli, sem haldið er annars staðar en í Reykjavík og nágrenni, hófst á Húsavík í gærmorgun. Það er Bifreiðafróttaklúbbur Húsavíkur (BÍKH) sem stendur fyrir rallinu og sendir í það tvo keppendur. Hinir, þrettán talsins, komu allir frá Reykjavík gagnert til að keppa. „Það er nú hálfgerður byrjendabragur á þessu ralli hjá okkur. Við höfum aldrei verið þátttakendur í slíku áður.“ sagði Pálmi Þorsteinsson formaður BÍKH, er Dagblaðið ræddi við hann um keppnina. „Okkar menn fara í keppnina hálfnaugur því að þeir vita ekkert að hverju þeir ganga. En ég vona þó að þessi keppni verki sem hvatni á næsta ralli sem við göngumst fyrir.“

Keppendur fengu leiðabækur sínar í hendurnar um hádegi í gær. Alls eiga þeir að leggja að baki um þrjú hundruð kílómetra leið. Þar af er um helmingur sérleiðir. Leiðin liggur víða um nágrenni Húsavíkur. Ekið verður í kringum Mývatn og að í Reynihlið. Síðan eru farnar allar hugsanlegar og óhugsanlegar leiðir norður í Kelduhverfi og keppendum safnað saman í Fjöllum áður en ekið verður til baka til Húsavíkur. Reiknað er með að keppnin taki sex til átta klukkustundir.

Pálmi Þorsteinsson sagði í samtalinu við DB að það eina sem hann óttaðist í sambandi við okuleiðina væri að hún væri of létt. „Okkur tókst ekki að fá ökuhraðann hækkaðan svo að við verðum að leggja áherzluna á önnur atriði.“

Reykviskir rallarar fóru að tinnast úr borginni strax á mánudag. Nokkuð er um að áhorfendur komi einnig til Húsavíkur að sunnan. Pálmi Þorsteinsson sagði að jafnvel væri von á langferðabíl með rallahugamenn.

Í Bifreiðafróttaklúbbi Húsavíkur eru tæplega sextíu manns, misjafnlega virkir í félagsstarfinu. Um það bil helmingur þeirra mun starfa við rallið í dag. Ef ekki berst mikið af kærnum frá keppendum standa vonir til að hægt verði að tilkynna úrslitin á dansleik á Hótel Húsavík sem haldinn er í tengslum við keppnina. Þar leikur sunnanhljómsveitin Haukar fyrir dansi og þvottakonan Susan ætlar að skola af sér fyrir viðstadda.

—AT—

## Stjórnarmyndun!

# ÞREIFINGAR HJÁ LAUNÞEAGAFOURINGJUM

Að frumkvæði alþýðubandalags- og alþýðuflokksmanna fara nú fram þreifingar meðal launþegafouringja. Forystumenn verkalyðsfélaga úr Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki hafa ræðzt við óformlega. Aþugað er hvort þeir geti orðið sammála um afstöðu til hugsan-

legra aðgerða og er þar einkum á döfni niðurfærsluleið.

Könnunarviðræður Alþýðubandalags og Framsóknar hefjast á mánudagsmorgun. Þessir flokkar munu væntanlega bera saman bækur sínar um afstöðu til ýmissa helztu mála,

nokkuð svipað og Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur hafa gert síðustu daga. Viðræðum Alþýðubandalags og Alþýðuflokks er að ljúka.

Forseti Íslands mun enga ákvörðun taka fyrr en þessum könnunarviðræðum lýkur sem mun verða upp

úr helginni.

Viðræðurnar eru í samræði við forsetann. Hann telur þær nauðsynlegan aðdraganda að því að unnt sé að fela einhverjum einum stjórnmalaflokki að hafa forystu um myndun ríkisstjórnar.

HH

## Kúnstir í háloftunum

Hinir fíflidjörfu Cimarrobæður sýndu í gær að þeim er ekki fisjað saman. Auglýst hafði verið að þeir færu á milli lónskólans og Hallgrímskirkju í hádeginu í gær. Virinn fyrir hjól þeirra var strengdur á milli og mikill mannfjöldi safnaðist saman.


Þegar til kom var reyndar rigningaráði sem bleytti virkapal bræðranna og gerði þeim erfitt um vik. En til þess að valda

ekki áhorfendum vonbrigðum fóru þeir á hjóli sínu út á kapalinn eins langt og þeir komust. Þegar þeir höfðu farið um þriðjung leiðarinnar spólaði hjólið á vinum og komst ekki lengra. Bræðurnir gerðu nokkrar tilraunir en þegar farakosturinn vildi ekki meir, tóku þeir það til bragðs að sýna ýmsar kúnstir á hjóli sínu þar sem það var komið á línunni. Annar bræðranna hékk í jafnvægisrá

hjólsins og fór að gera ýmsar æfingar, hékk á höndum, en lét sér það ekki nægja. Það fór stuna um áhorfendur er hann hékk á tánum á ránni.


Hinn bróðirinn lét ekki sitt eftir liggja og tók að gera kúnstir á hnakk mótörhjólsins. Hætt er við að mörgum hafi létt er þeir bræður létu af þessum leik sínum og bókkudu til baka.

—JH—



Ítösku ofurhugarnir sýndu áhorfendum ýmsar kúnstir á virnum sem öllu andkösum í höpnum fyrir neðan. Á stærri myndinni má glögg sjá spennu svipbrigði Cimarro-bræðra áður en þeir lögðu í ánn.

GHP/DB-myndir: Bj. Bj.



## Ný glös undir íslenzkar pillur:

# KOMA Í VEG FYRIR HÆTTULEGT LYFJAÁT BARNNA

Menn mega á næstunni búast við því, þegar þeir kaupa sér magnlytflökur eða aðrar íslenzkar töflur sem hættulegar geta talist í stórum skömmtum, að töflurnar verði komnar í plastglös með öryggisloki. Um áramótin gekk í gildi reglugerð um slík glös fyrir pillur en lyfjabúðir hafa aðlögunartíma til 1. september til þess að skipta yfir.

Glösín sem verða notuð eru búin til af Jóhannesi Pálssyni á Hvolsvelli í fyrirtækinu Bjallaplasti sem Jóhannes og fleiri eiga með hreppnum. „Ég er búinn að ganga með það í maganum í mörg ár að framleiða öryggisglös undir lyf sem staðizt gætu þær kröfur sem gerðar eru bæði um léttleika, styrk og annað,“ sagði Jóhannes í spjalli við DB.

„Þegar ég var úti í Danmörku kynnti ég mér málið nánar og lét að lokum búa til mót af glasi. Það var síðan framleitt þar til reynslu. Hún var það góð að danskt fyrirtæki er búið að fá leyfi til að selja svona glös

um Norðurlönd og til nokkurra annarra landa. Mönnum hér leizt einnig vel á glösín og var því stefnt að því að koma þeim hér á markað í kjölfar reglugerðarinnar. Málið hefur hins vegar dregizt nokkuð vegna þess að lokin á stærstu glösunum vildu lengi vel ekki verða nógu þétt hjá mér en nú er ég búinn að skipuleggja upp á nýtt og fer að framleiða af fullum krafti, líklega í vikunni.“

Glösín hans Jóhannesar eru úr plasti og með loki sem annaðhvort þarf að nota pening eða sérstakan lykil til að ná af. Á lokinu er rauft og í hana passar 50 króna peningur. Lokinu er snúið með peningnum og situr hann þá í rauflinni. Þegar svo lokinu er smellt á aftur losnar peningurinn. Í lyfjabúðum verður einnig hægt að fá lykla sem hægt er að opna með.

Jóhannes hefur einnig teiknað öryggislok á lyfjaglös undir fljótandi

lyf og getur hafið framleiðslu á þeim með stuttum fyrirvara.

Sigurður Ólafsson lyfsali í Reykjavík-urapóteki sagði að nýju lyfjaglösín yrðu ekki til þess að lyfsalar þyrftu að breyta störfum sínum. Fæstir lyfsala eru með alsjálfrvirku vélar til áfyllingar glasa og þær hálfjálfrvirku vélar sem til eru þarfnast ekki breytinga til að hægt sé að nota þær áfram.

Mörg slys verða árlega vegna þess að börn taka lyf sem reynast þeim hættuleg. Oft taka þau lyf sem hafa verið ætluð þeim sjálfum en taka þá fullt glas í stað þess að láta eina töflu nægja. Börnin láta það ekki aftra sér þó lyfin séu geymd í skápum uppi undir lofti eða í ísskáp. Eina ráðið til þess að þau nái ekki í lyfin eru að hafa þau í læstum skápum eða læstum glösnum eins og nú á. að gera. Gallinn er bara sá að það eru einungis innlendir aðilar sem eru skyldugir að nota glös með öryggislokum. Sigurður Ólafsson sagðist álita að ef erlendur



Nýja lyfjaglasíð sem allar íslenzkar pillur verða bráðum í. DB-mynd: Ari.

aðilum yrði gert að nota slík glös á okkar landi settu þeir einfaldlega íslenzkum aðilum stólinn fyrir dyrnar og hættu að senda okkur lyf. Öll lyf sem koma frá Bandaríkjunum eru þó í glösnum með öryggislokum, enda er slíkt skylda þar í landi.

DS

